

**Fundur stjórnar Foreldrafélags Menntaskólans við Reykjavík 2023-2024. Haldinn mánudag 30. október 2023 í fundarsal á 3. hæð.**

*Mætt: Helga Rún Runólfsdóttir, Sunna Valgerðardóttir, Þorbjörg Jensdóttir, Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz, Þóra Arnórsdóttir og Einar Hreinsson, konrektor*

1. Samkvæmt reglum skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Var verkum skipt svo:

Formaður: Helga Rún Runólfsdóttir

Varaformaður: Þorbjörg Jensdóttir

Gjaldkeri: Ilmur Kristjánsdóttir

Ritari: Þóra Arnórsdóttir

Skólanefndarfulltrúi: Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz

Meðstjórnandi: Sunna Valgerðardóttir (sem sagði af sér embætti ritara formlega á aðalfundi).

## **2. Félagsgjöld og greiðsluseðlar**

Konrektor er búinn að senda allar upplýsingar og kennitölur til gjaldkera. Samþykkt upphæð á aðalfundi var 4.400 kr. á fjölskyldu.

## **3. Samskiptaleiðir.**

Samþykkt að stofna spjallhóp á Messenger til að einfalda samskipti innan stjórnar.

## **4. Edrúpotturinn.**

Rætt hvernig því fé sem hingað til hefur verið sett í edrúpottinn verði best varið. Ákveðið að eiga samráð við forystu nemendafélagsins um tækifæri og hvata til fjölbreyttari forvarna.

## **5. Ballvaktin**

Síðasta ballvakt gekk mjög vel. Næsta ball er jólaballið sem verður líklega haldið föstudag 15.12. Nóg að það séu 2-3 foreldrar, talið að verði auðvelt að manna.

## **6. Fræðslumyndbönd með Kvennó**

Í samstarfi við foreldrafélag Kvennaskólans hefur Árni Beinteinn Árnason verið ráðinn til að gera nokkur myndbönd. Samið um 250.000 kr. framlag frá hvorum skóla til framleiðslunnar. Prófkvíði fyrsta viðfangsefni.

Má benda nemendum á að foreldrafélagið styrki útgáfu og ýmis verkefni s.s. Frúardag, Herranótt, Idus Marti o.sv.frv.

## **7. Skápamálið**

Húsvörður er að athuga hversu margir skápar eru lausir / bilaðir eða ekki í notkun. Forgangsmál að fá þær upplýsingar svo þeir nemendur sem vilja geti leigt skáp. Heppilegra en að settar séu upp hillur eða önnur sértæk aðstaða inni í stofum.

Fleiri mál ekki rædd. Fundi slitið kl. 17:42